

Sp.

151. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og gerð tillagna um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur nefndin notið aðstoðar og tillagna forstjóra Skipaútgerðar ríkisins við þetta verk. En hann hefur aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Allmikil hækkun hefur orðið á árinu á rekstrarkostnaði flóabátanna, og er afkoma sumra þeirra mjög léleg. Nefndin hefur því ekki komið hjá að gera tillögur um hækkun framlaga til einstakra flóabáta. Er sú hækkun þó mun minni en á síðastliðnu ári.

Um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Afkoma Norðurlandsbátsins Drangs hefur verið mjög léleg, og er í rekstrar-áætlun hans fyrir næsta ár reiknað með um 20% tekjurýrnun. Koma þar til greina ýmsar ástæður, svo sem þverrandi verkefni vegna opnunar nýs akvegasambands við Ólafsfjörð. Nefndin leggur til, að styrkur til Norðurlandsbáts hækki úr 1200 þúsund krónum í 1350 þúsund krónur. Það er skoðun nefndarinnar, að nauðsyn beri til að útvega útgerðarmanni Drangs lengri og hagstæðari lán í stað hinna erlendu lána, sem hvíla með allmiklum þunga á fyrirtæki hans.

Gert er ráð fyrir, að framlag til Strandabáts lækki úr 190 þúsund krónum í 60 þúsund krónur. Sprettur sú breyting af því, að akfært er nú orðið norður í Árneshrepp og því unnt að fella þessar ferðir að mestu niður. Sóttu forráðamenn byggðarlagsins því aðeins um lágan styrk til þess að halda uppi ferðum, ef nauðsyn bæri til framan af vori, ef snjóar kynnu að hindra umferð um hinn nýja veg. Jafnhliða hefur verið unnið að því, að flugsamgöngur að Gjögri í Árneshreppi yrðu styrktar með nokkru fjárframlagi.

Framlag til Haganesvíkurbáts er óbreytt, en styrkur til Hríseyjarbáts er hækkaður um 10 þúsund krónur. Þá er styrkur til Grimseyjarflugs hækkaður um 15 þúsund krónur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði óbreyttur, en bátnum hins vegar veittur 30 þúsund króna viðbótarstyrkur vegna vélarkaupa. Gert er ráð fyrir, að tíu þúsund krónum af rekstrarstyrknum til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði varið til flugsamgangna við eyna.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 5 þúsund krónur, en styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur. Styrkur til hins síðarnefnda verður þó því aðeins greiddur, að nýr aðili fái st til þess að annast ferðirnar.

Þá er gert ráð fyrir, að styrkur til snjóbífreiðar á Austfjörðum verði hækkaður úr 50 þúsund krónum í 100 þúsund krónur. Hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðar óskað þess, að reynt yrði að búa betur að þessum samgöngum. En snjóbífreiddin heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Suðurlandssamgöngur.

Samvinnunefndin leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skafta-fellssýslu hækki um 50 þúsund krónur og til vöruflutninga til Öraefa um 15 þúsund krónur. Enn fremur er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólk-urflutninga hækki um 25 þúsund krónur.

Faxaflóasamgöngur.

H.f. Skallagrími voru á yfirstandandi ári veittar 1600 þúsund krónur í rekstrarstyrk að viðbætti 100 þúsund króna fjárveitingu vegna viðgerðar á heimildargrein fjárlaga, samtals 1700 þúsund krónur á þessu ári. Nú hefur fyrirtækið sótt um stórukaðan styrk, bæði vegna rekstrar síns og flokkunarviðgerðar á skipi sínu, m/s „Akraborg“, samtals um 2 milljónir 650 þúsund krónur. Samvinnunefndin taldi sér ekki viðráðanlegt að verða við þessari ósk. Er það skoðun nefndarinnar, að nauðsynlegt sé að aðstoða Skallagrím h.f. til þess að taka lán til langs tíma vegna fyrrgreindra endurbóta á skipinu. Nefndin vildi þó koma eitthvað til móts við óskir Skallagríms og leggur því til, að fyrirtækinu verði veittur 300 þúsund króna styrkur vegna viðgerðar þeirrar, sem fram fór á skipinu á þessu ári. Hins vegar verði rekstrarstyrkur skipsins óbreyttur. Heildarframlagið til Skallagríms mundi því hækka um 200 þúsund krónur samkv. tillögu nefndarinnar.

Lagt er til, að framlag til Mýrabáts verði óbreytt.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbátsins „Konráðs“ verði óbreyttur. Er innifalið í styrkuppþæðinni 20 þúsund króna framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifarheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Enn fremur er lagt til, að Flateyjarbát verði veittur sami styrkur og á þessu ári vegna kaupa á hinum nýja bát, sem keyptur var til ferðanna á síðastliðnu ári. Hefur þessi nýi bátur reynzt vel og rekstur hans gengið samilega.

Þá er lagt til, að styrkur til Stykkishólmsbáts hækki um 150 þúsund krónur. Gert er ráð fyrir, að hinn nýi Stykkishólmsbátur, sem verið hefur í smíðum undanfarið, hefji ferðir í byrjun næsta árs.

Loks er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þúsund, enda bæti hann þjónustu sína við eyjar á sunnanverðum Breiðafirði og hafi m. a. viðkomu í Brokey og Öxney.

Vestfjarðasamgöngur.

M/s „Fagranes“, sem Djúpbáturinn h.f. á Ísafirði rekur, hefur eins og undanfarin ár haldið uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaптúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Má segja, að rekstur bátsins hafi á þessu ári gengið allvel. Er lagt til, að rekstrarstyrkur til hans hækki aðeins lítillega, eða upp í 1350 þúsund krónur.

Lagt er til, að framlag til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts, verði óbreytt, en framlög til þessara báta hækkuðu nokkuð á síðastliðnu ári.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1966 8 372 000 kr. Er það rúmum 700 þúsund krónum hærra en á árinu 1965.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1. Norðurlandsbáturinn Drangur	1350 þús. kr.
2. Strandabátur	60 — —
3. Haganesvíkurbátur	25 — —
4. Hriseyjarbátur	50 — —
5. Grímsey, vegna flugferða	50 — —
6. Flateyjarbátur á Skjálfanda	100 — —
Samí, vegna vélarkaupa	30 — —

7. Loðmundarfjarðarbátur	50 þús. kr.
8. Mjóafjarðarbátur	145 — —
9. Til snjóþífreiðar á Austfjörðum	100 — —
10. Til vöruflutninga á Suðurlandi	550 — —
11. Til vöruflutninga til Örnefa	165 — —
12. Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	300 — —
13. H.f. Skallagrímur — „Akrahorg“	1600 — —
Sami, vegna viðgerðar	300 — —
14. Mýrabátur	7 — —
15. Flateyjarbátur á Breiðafirði	310 — —
Sami, vegna kaupa nýs báts	200 — —
16. Stykkishólmsbátur — „Baldur“	1450 — —
17. Langeyjarnesbátur	100 — —
18. Djúpbátur — „Fagranes“	1350 — —
19. Dýrafjarðarbátur	35 — —
20. Patreksfjarðarbátur	25 — —
21. Skötufjarðarbátur	20 — —

Samtals 8372 þús. kr.

Alþingi, 8. des. 1965.

Sigurður Bjarnason,
form. Nd.-nefndar, frsm.

Jón Árnason,
fundaskr. Ed.-nefndar.

Sigurvin Einarsson.
Bjartmar Guðmundsson.

Ásgeir Bjarnason.

Benedikt Gröndal,
fundaskr. Nd.-nefndar.

Páll Þorsteinsson.

Sigurður Ó. Ólafsson.
Guðl. Gíslason.

Ingi R. Helgason.

Jón Þorsteinsson,
form. Ed.-nefndar.

Björn Pálsson.

Sig. Ágústsson.
Björn Jónsson.